



# Ársskýrsla stjórnar Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2019-2020.

Aðalfundur Foreldrafélags Heiðarskóla haldinn þriðjudaginn 2. júní 2020 kl. 20:00 á sal Heiðarskóla.

Starf og hlutverk foreldrafélags Heiðarskóla er í mjög mótuðu og föstu formi en þar inni eru fastir liðir eins og fyrirlestrar, kynningar, fræðsla, styrkir til skólans og nemenda, gjafir til skólans og nemenda, samráðsfundir með skólaráði, samráðsfundir formanna hjá FFGÍR, jólaföndur, árshátíð skólans og heiðarleikar/sumarhátíð skólans svo eitthvað sé nefnt.

Hlutverk stjórnarmanna þetta skólaárið var óbreytt frá síðasta ári. Sæti í skólaráði eru þau Arnar Stefánsson og Ragnheiður Garðarsdóttir og hafa þau sótt fundi ráðsins þetta skólaárið.

Foreldrafélag Heiðarskóla er með fasta fundi fyrsta mánudag í mánuði eða allt eftir þörfum. Fundirnir eru haldnir í Heiðarskóla og standa öllu jöfnu í 45 mínútur og lengur ef þurfa þykir. Stjórnarmenn voru einnig duglegir milli funda að senda sín á milli tölvupósta ef það voru einhver mál sem komu upp og þurftu frekari umræðu, ákvörðunartöku og/eða til samþykktar þá afgreitt sem þessum hætti. Foreldrafélagið er einnig með fésbókarhóp stjórnarmanna.

Starfið fór af stað með hefðbundum hætti líkt og árin á undan í byrjun september og hélst þannig út árið. Árið 2020 fór rólega af stað en með tilkomu heimsfaraldursins covid breyttust heldur betur forsendur og voru engir fundir haldnir eftir að samgöngubann var sett á en stjórnarmenn voru að öðru leyti duglegir í samskiptum sín á milli á samskiptamiðlunum ef svo bar undir.

Í upphafi hvers skólaárs hefur stjórn foreldrafélagsins átt fund með skólastjórnendum þar sem farið er yfir verkefni skólaársins og aðra þætti ef svo ber undir.

### **Afmælishátíð**

20 ára afmælishátíð Heiðarskóla var haldin 6. nóvember 2019 og í tilefni afmælisins færði foreldrafélagið skólanum að gjöf hljómflutningstæki og mikrofón sem ættu að nýtast skólanum og krökkunum við hinar ýmsu uppákomur innan skólans.

### **Innheimta skólagjalda**

Greiðsluseðlar voru sendir út í lok september. Innheimta síðustu ár hefur verið um 86% og er bundið vonir við sömu innheimtu nú.

### **Staða bekkjarfulltrúa**

Staða á bekkjarfulltrúum er ekki góð og hefur ekki náðst að fá bekkjarfulltrúa í alla bekki. Umræður voru með Bryndísi Jónu og Maríu um bekkjarfulltrúa og hugmyndir þeirra voru meðal annars um það hvort möguleiki væri að ramma betur inn verkefni bekkjarfulltrúa og jafnvel að skoða að fá foreldra hvers árgangs eða bekkjar til að koma saman og ræða saman og sameinast um hvað mögulegt sé að gera fyrir börnin.

## Gjafir / styrkir

Eins og undanfarin ár hefur foreldrafélagið styrkt nemendur skólans til muna. Síðustu ár hafa þessir styrkir verið um og yfir hálfa milljón á ári. Styrkir til nemenda skólans hafa verið um árabíl og verða um ókomna framtíð meðan fjárhagur og aðstæður leyfa. Meðal þess sem verið er að styrkja má nefna skáld í skólum, vorferðir, rútuferðir ef svo ber undir og útskriftarferð 10. bekkjar svo eitthvað sé nefnt.

Jólafondur foreldrafélagsins var haldið fimmtudaginn 28. nóvember milli kl. 17:00 – 19:00 og tókst það vel til að mati stjórnarmanna. Mæting var mjög góð, fullur salur og þurftu stjórnarmenn að bæta við þó nokkrum borðum vegna þessa. Ekki var að sjá annað en að börn og foreldrar hafi skemmt sér vel og átt góðar stundir saman. Jólafondrið er fastur liður í starfi foreldrafélagsins.

Að gefnu tilefni má nefna að heiðarleikar og sumarhátíð Heiðarskóla verða haldnir 3. júní en þó með breyttu sniði frá því sem áður hefur verið sökum covid ástandsins. Foreldrafélagið mun bjóða krökkunum öllum upp á grillaðar pylsur, meðlæti og drykki.

Að lokum vill stjórn foreldrafélagsins þakka skólastjórnendum og starfsfólki skólans kærlega fyrir einstaklega gott og farsælt samstarf á árinu líkt og undanfarin ár.

Takk fyrir góðan fund og gleðilegt sumar.

Fh. Stjórnar Foreldrafélags Heiðarskóla,  
Kristján Freyr Geirsson, formaður FFHS.